

Fundur í Delta deild, haldinn í Landsnámssetrinu í Borgarnesi þann 7. október 2009. Fundurinn hófst kl 18.00.

Fjórtán félagskonur mættar og tveir gestir, þær Ingibjörg Inga skólastjóri í Varmalandsskóla og Jónína Erna tónlistarskólakennari í Borgarnesi.

1. Formaðurinn okkar, Ingibjörg Adda Konráðsdóttir setti fundinn. Hún þakkaði Borgarneskonum að hafa veg og vanda af fundinum og bað Theódóru að kveikja á kertunum. Ingibjörg fór yfir ýmis atriði í starfi deildarinnar. Hún og Jónína Eiríksdóttir sóttu Landssambandsþing að Hallormsstað s.l. vor og sagði að það hefði verið mjög vel heppnað. Inga Stefánsdóttir hefur beðið um lausn frá vefstjórastarfi og var Halldóru falið að setja fréttir frá deildinni á vef samtakanna, <http://dkg.muna.is/>
2. Fundargerð síðasta fundar lesin.
3. Þá var komið að gesti fundarins, Sigríði Margréti Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra að segja frá starfsemi Landnámsseturs. Hún rakti söguna, allt frá því að hún og maður hennar Kjartan Ragnarsson kynntu hugmynd sína fyrir sveitarstjórnarfólki í Borgarbyggð árið 2003 til dagsins í dag. Þau hjónin höfðu háleitar hugmyndir sem féllu í góðan jarðveg strax frá upphafi, en menn í Borgarbyggð voru raunsæir og kipptu þeim niður á jörðina, með umfang verkefnisins, að hennar sögn. Þau gáfu sér góðan tíma í undirbúning, en á þessum árum 2004-2005 voru til nógir peningar. Stofnuðu einkahlutafélag árið 2004, sem Borgarbyggð og þau hjónin eru eigendur að. Ólafur Ólafsson og kona hans Ingibjörg Kristjánsdóttir hafa styrkt starfseminu ríflega, eiga t.d. húsnæði Landnámssetursins. Nú í dag eru 8 fastráðnir starfsmenn allt árið, en yfir sumartímann eru um 20-30 manns starfandi við Setrið. S.l. sumar komu 11 þúsund gestir og var það 17% aukning frá fyrra ári. Það var mjög áhugavert að hlusta á Sigríði, en starfsemin hefur hlotið ýmiss verðlaun, t.d. tvenn Grímuverðlaun. Þökkum henni kærlega fyrir og óskum henni góðs gengis í framtíðinni.
4. Þá var matur á borð borinn, fiskisúpa með heimabökuðu brauði og salati. Meðan við snæddum flutti Sóley Sigurþórsdóttir *Orð til umhugsunar* og lagði út frá sjálfsskoðun. Rifjaði upp þau gömlu góðu gildi sem börnum var innrætt hér áður, virðing fyrir forsetanum og fyrir þjóðsögnum. Las að lokum úr nýútkominni ljóðabók eftir Sigurð Pálsson.
5. Í lok fundar gat formaður þess að Delta deildin sér um Fréttabréfið í ár. Ritnefnd skipa Jónína Eiríksdóttir, Sigrún Jóhannsdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir. Jónína sagði frá störfum ritnefndar og bað Gyðu um að sjá um þátt í blaðinu sem heitir Orð til umhugsunar eða mér er efst í huga.
6. Áður en fundi lauk bað Jensína gjaldkeri um orðið og minnti á að nú er komið að því að greiða félagsgjöldin og bað konur að bregðast skjótt við er hún sendir okkur póst með nánari upplýsingum.

7. Formaður sleit fundi um kl 20.00

Fundaritari Halldóra Jónsdóttir